

Myndasögur

Dýraglens




Grettir




Tommi og Jenni



Ljóska



Ferdinand



Smáfólk



Af hverju stend ég hérna í rigningunni og bíð eftir skólabilinum?

Svo að þú getir lært að stafa og margfalda brot.

Og lært viðskipti og grætt mikla peninga.

Svo að þú getir fódrað hundinn þinn.

Morgunblaðið

BRÉF TIL BLAÐSINS

Kringlan 1 103 Reykjavík • Sími 691100 • Símbref 691329

Curry- og Hartmanlínur á Íslandi

Frá Thord Neumüller:

ÞEGAR ég fann að forfeður okkar höfðu tekið tillit til Curry- og Hartmann-lína þegar þeir reistu hús fór ég að rannsaka málið. Hvers konar línur eru þetta? Við vitum fátt um eðli þeirra annað en að hægt er að finna þær með aðstoð „slagrinta“ því miður er ennþá ekki til mælitæki sem sýnir þær eða mátt þeirra.

Í Svíþjóð liggja Curry-línur Na-Sv og Nv-Sa og mynda net með ferningum sem eru rúmlega 4X4 m. Nafnið er dregið af Manfred Curry, svissneskum lækni sem frá um 1950 fann að eitthvað truflaði heilsu okkar. Hartmann-línur liggja N-S og A-V og mynda í Svíþjóð net, þar ferhyrningar eru um 1,5X1,5 m á stærð. Þýskur læknir, Ernst Hartman, fann um sama leyti að einnig þessar línur væru heilsu-spillandi.

Í sumar, 30. júlí til 5. ágúst, gafst mér tækifæri að ferðast á Suðurlandi með Sigurð Þór Jónsson sem fararstjóra.

Stöng

Fyrst, áður en ég kom að bæjar-stæðinu, athugaði ég legu Curry-lína. Síðan kannaði ég veggi gamla bæjarins undir þakinu og ég fann að veggirnir fylgja línunum. Rétt innan við anddyrið, vinstra megin, mótast Curry-línur. Til að sannprófa þetta bað ég bílstjóran að aðstoða mig við tilraun, svonefnt handleggspróf. Fyrst var reynt á stað án truflana frá línunum. Maðurinn rétti handlegg beint út til hliðar. Ég reyndi svo að þrýsta handleggnum niður, en gat ekki. Mátturinn var of mikill. Þá reyndum við þetta í Curry-mótinu og eins og oftast varð handleggurinn máttlaus. Það eru einhver neikvæð áhrif á líkamann á þessum línumótum. Bílstjórinn varð undrandi yfir þessu og ég fann að tilgáta mín var rétt. Áttavittinn sýnir að línurnar fylgja

ekki sömu gráðum og í Svíþjóð. Hústöftin á Stöng snýr þá alveg eins, miðað við Curry-línur, og fonnar hústöftir í Svíþjóð til dæmis hjá steinaldarfólki í Tingby, Smedby, nálægt Kalmar, en það var uppi fyrir um 8.500 árum.

Geysir

Eftir að hafa kannað hvernig bæði línur Curry og Hartmanns löggu fann ég að mót myndast í miðju hinna stóru hvera, Geysis og Stokks. Gæti það verið að þessar línur skipti máli fyrir þynningu jarðvegs?

Eignamörk

Mér gafst tækifæri að kanna nokkra staði þar sem jarðeignir mæstast og þar voru staurar í Curry-móti. Þannig er það í Svíþjóð að fornu eignarmörkin mæstast á línu mótum. Af hverju? Gæti þetta hafa auðveldað mönnum að sjá ef merki höfðu færst til?

Sauðfé

Þá athugaði ég nokkra staði þar sem sauðfé hafði hvílt. Þeir voru ekki á neinum Curry-mótum. Þannig er það einnig í Svíþjóð. Gömul sögn segir enda að það sé rétt að reisa hús þar féð hvílir, þar ætti að vera mönnum holt að lifa.

Önnur lönd

Sjálfur hef ég kannað hvernig fornminjar og hífýli eru staðsett og hvernig plöntur og dýr hegða sér miðað við Curry- og Hartmann-línur. Samsvörum finn ég bæði í Egyptalandi, Zimbabve, Skotlandi, Orkneyjum og Kína, þar reyndar er heitið Feng-Shui yfir eitthvað álíka og Curry- og Hartmann-kerfin. Feng-Shui eru mörg þúsund ára gömul fyrirmæli sem notuð eru í skipulagi bygginga.

THORD NEUMÜLLER,
Vevelstad Gård,
S 640 33 Bettna, Svíþjóð.

Til Braga Ásgeirssonar

Frá Ásgerði Búadóttur:

KÆRI Bragi!

Um leið og ég þakka þér góða umsögn um sýningu mína í Listasafni Íslands (Morgunbl. laugardaginn 12. nóvember), langar mig til að leiðrétta nokkrar mis-sagnir sem þar komu fram.

1. Þú segir, „að það voru svo handfórir, ekki síst vefnaður, sem á myrkum öldum héldu uppi listrænum eiginleikum meðal íslensku þjóðarinnar“. Því miður verð ég að benda á, að alls enginn myndrænn vefnaður er til frá fyrri öldum hér á landi. Allt var það saumur.

2. Þú segir um verk mín, að þar

sé „fortíðin ræktuð af mikilli samviskusemi...“. Þar sem um enga fortíð myndvafnaður er hér að ræða, get ég heldur ekki ræktað hana. Allur nútímavafnaður, sem og minn, er ekki sprottinn úr hefð fortíðar, heldur af nákvæmlega sömu forsendum sem önnur myndlist á þessari öld.

3. Í inngangi að umsögn þinni talar þú um mikilfenglegan vefnað miðalda, „svo sem [1] hinum mikla Bayeux-refli“. Refillinn í Bayeux er með útsaumi en ekki vefnaði.

4. Líka nefnir þú „hið undursamlega veggteppi „Konan frá Licorno“ í Cluny-safni. Þetta er ekki einn vefnaður heldur myndröð sex verka og heitir „La Dame á la Licorne“, Konan með einhyrninginn.

Með kærri kveðju,

ÁSGERÐUR BÚADÓTTIR,
myndlistarkona.



Ásgerður Búadóttir

Allt efni sem birtist í Morgunblaðinu og Lesbók verður framvegis varðveitt í upplýsingasafni þess. Morgunblaðið áskilur sér rétt til að ráðstafa efnum þaðan, hvort sem er með endurbirtingu eða á annan hátt. Þeir sem afhenda blaðinu efni til birtingar teljast samþykka þetta, ef ekki fylgir fyrirvari hér að lútandi.